

1. Almennt:

Rifós hf. (kt. 500692-2869), Lónin í Kelduhverfi, 671 Kópaskeri, hefur verið með rekstrarleyfi (FE-1041 / IS-36119) fyrir seiða- og matfiskeldi á laxi og bleikju í landeðisstöð sinni og í sjókvíum í stöðulóni við Lónin í Kelduhverfi. Rekstrarleyfið heimilaði framleiðslu á allt að 1.000 tonnum árlega, þar af lax að hámarki 600 tonn. Rifós hf. sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi þann 13. maí 2022 fyrir landeðisstöðinni en ætlar ekki að stunda sjókvíaelði í stöðulóni við Lónin, hámarkslífmassi 600 tonn af laxi.

Fiskelðisstöðin er staðsett við Lónin í Kelduhverfi með frárennsli í stöðulón. Í rekstrarleyfum fiskelðisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Ker stöðvarinnar eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Frárennslið rennur í settjörn sem er með rist sem kemur í veg fyrir að fiskur geti borist út í stöðulónið.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru þau gögn sem stofnunin óskaði eftir vegna endurnýjunar rekstrarleyfis Rifós hf. við Lónin í Kelduhverfi skv. 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 10. október 2022 til 31. október 2022 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætán grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

Matvælastofnun hefur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi endurmetið hvort fyrirtækið uppfylli kröfur laga um heilbrigði dýra og afurðir, auk krafna um velferð og staðfestir að svo sé.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Rifós hf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 600 tonn til seiðaelðis við Lónin í Kelduhverfi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskelðisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar er í gildi og rennur út 31. desember 2027. Rekstrarleyfið gildir til 1. nóvember 2038.

Þegar rekstrarleyfið (FE-1189) tekur gildi kemur það í stað rekstrarleyfis Rifós hf. til 1.000 tónna seiða- og matfiskselðis á laxi og bleikju (FE-1041 / IS-36119)

Neskaupstað, 2. nóvember 2022